

Baldur Johnsen

QUI BONO? AF BRAUTRYÐJANDASTARFI GUÐMUNDAR HANNESSONAR

Þróun eftirlits og læknanisþjónustu í skólum í Reykjavík 1909 til 1983

INNGANGUR

Veturinn 1983 hóf undirritaður, að tilhlutan borgarlæknis vinnu við rannsókn á sögu heilbrigðiseftirlits og lækniþjónustu í skólum í Reykjavík og víðar. Þar ber hæst á fyrstu áratugum þessarar aldar brautryðjendastarf Guðmundar Hannessonar þá héraðslæknis og fyrsta skólalæknis hér á landi.

Höfundur hefur í hvívetna leitast við að byggja sem mest á frumgögnum, sem snerta skólaeftirlit í Reykjavík, svo sem fundargerðum skólanefnda, heilbrigðisnefnda og bæjarstjórnar eftir atvikum. Við öflun þessara gagna hefur höfundur notið hjálpar og fyrirgreiðslu Jóns E. Böðvarssonar borgarskjalavardar, eins og best varð á kosið, og er sú ómetanlega hjálp hér með þökkud. Þá hafa ákvæði laga og reglugerða, sem snerta heilbrigðismál skóla verið vandlega könnuð.

STUTT YFIRLIT

Þungamiðjan í lækniþjónustu skólanna hefur frá upphafi verið baráttan við næma sjúkdóma en skólarnir gátu orðið gróðrastía fyrir slíka sjúkdóma ef ekki var að gáð. Hins vegar var líka hægt að fylgjast með útbreiðslu tiltekinnna sjúkdóma í skólunum, til dæmis berklum, en það var gert sérstaklega með berklaprófum, sem hófust 1911 eða ári eftir að Vífilsstaðir tóku til starfa. Hægt var að fylgjast með næringarástandi barnanna með þyngdar- og hæðarmælingum sem teknar voru upp og skráðar í heilsufarsbækur Guðmundar Hannessonar þegar árið 1910. Matgjafir, sem hófust í skólunum í Reykjavík 1910 og þá vegna vannæringar og fátæktar, voru fyrstu heilsuverndarráðstafanirnar eða aðgerðir sem fram fóru í barnaskólanum. Þessar matgjafir færðust síðan yfir í mjólkur- og lýsisgjafir. Á fjórða áratugnum bar all mikið á því að skólalæknar skráðu beinkröm og oft hryggskekkju, en það sýndi sig hins vegar að mjög var þetta byggt á einstaklingsmati

læknanna, en á tímabili mátti segja að þetta væri »tískusjúkdómur«.

Á síðustu árum eru næringarmálefni skólanemenda aftur komin í sviðsljósið og þá sérstaklega vegna breyttra þjóðháttar og einkum heimilisháttar þar sem báðir foreldrar vinna nú oftast utan heimilis. Einnig hafa áhrif hinar miklu fjarlægðir milli heimilis, skóla og vinnustaða. Sérstakir nestispakkar hafa verið útbúnir til sölu í nokkrum skólum og reynslan verið góð. Mjög mikilvægir þættir í skólaeftirliti hafa verið hreinlætismálin, þar á meðal persónulegir óþrifakvillar.

Á sjötta áratugnum var búið að útrýma lúsinni en með nýrri hártísku pílta, síða hárinu, gaus þessi leiði kvilli upp aftur og hefur ekki enn tekist að losna alveg við hann síðan.

Baráttan við tannskemmdirnar hefur farið fram í barnaskólum frá fyrstu tíð. Upphaflega, þ.e. 1911, með áminningum um tannhirðingu, en frá 1922 með skoðunum og aðgerðum tannlækna. Nú er þetta lang víðamesta verkefni lækniþjónustu skólanna. Líkamsrækt hefur alla tíð verið mjög snar þáttur í starfi skóla, svo sem leikfimi og aðrar íþróttir. Þar mun sund eigi aðeins hafa verið til skemmtunar og hressingar heldur eitt þýðingarmesta vopnið í slysavörnum í landi sjósóknar og fiskveiða.

Með heyrn og sjón hefur alla tíð verið haft vakandi eftirlit í skólaskoðun og nú litaskyni. Lasburða og þroskaheft börn draga að sér meiri athygli skólamanna og lækna á síðari árum.

Skólaeftirlit barnaskóla var fyrsta raunhæfa heilsuverndarstarfsemi í landinu. Færðist það smám saman til eldri aldursflokka og ekki síður hinna yngri, allt niður í ófædd börn (mæðraeftirlit).

Enginn vafi leikur á því, að þessi víðtæka heilsuverndarstarfsemi á drjúgan þátt í því góða heilbrigðisástandi sem nú ríkir hér á landi og kemur einkum fram í lágum ungbarnadauða og langlífi.

Flutt á fundi í Félagi áhugamanna í sögu læknisfræðinnar 4. desember 1986. Barst 10/07/1988. Samþykkt 29/08/1988.

ÞRÓUN SKÓLAEFTIRLITS Í REYKJAVÍK
Nítjándi öldin. Fyrstu skrefin. Umhverfisvernd.
Sóttvörn. Íþróttaiðkanir.

Í skólum á biskupsstólunum allt frá miðri 16. öld, 1552 og síðar á Bessastöðum og í Hólavallaskóla, var gefinn út sérstakur matseðill til að tryggja hæfilega næringu nemenda, en íslenska glíman sá skólapiiltum fyrir hreyfingu og líkamsrækt.

Í fyrsta barnaskólanum í Reykjavík, sem starfaði frá 1830 til 1848, var stunduð leikfimi enda er í þeirri fyrstu skólanefnd auk prests, fógeta, sýslumanns og tveggja borgara, einnig »krigsassessor« Ulstrup, sem kunnað hefur nokkuð til líkamsræktar. Í nálægum löndum höfðu skólamenn og læknar fyrir og um miðbik síðustu aldar gert sér grein fyrir vandamálum samfara skólagöngunni og raunar jafnframt þeim möguleikum til heilsuræktar og heilsuverndar, sem skipulagt skólahald bauð upp á. Talið er, að mest hafi munað um framlag Edwin Chadwick, ritara fátækraneftirinnar á vegum leyndarráðs Bretakonungs, en hann stýrði útgáfu hinnar frægu skýrslu nefndarinnar um hið slæma ástand í hreinlætismálum almennings í Bretlandi. Það varð til þess að árið 1848 voru samþykkt í breska þinginu fyrstu lög í heimi um umhverfisheilsuvernd (Public Health Act 1848). Í þeim er gert ráð fyrir heilbrigðisnefndum ríkis og sveitarfélaga. Þessi löggjöf mun hafa orðið öðrum ríkjum fyrirmynd og hvatning til aðgerða á þessu sviði, meðal annars einnig í skólamálum. Fyrst mun þó skólaeftirliti hafa verið komið á fót í Massachusetts í Bandaríkjunum fyrir atbeina Boston-kennarans Lemuel Shattuck. Þessir straumar lágu einnig til Íslands, ef til vill fyrir milligöngu dr. Peters Schleisners, sem um það leyti var á Íslandi í rannsóknaleiðangri. Þann 13. mars 1848 löggilti M. H. Rosenörn stiftamtmaður fundagerðabók fyrir heilbrigðis- og sóttvarnarhaldsnefnd í Reykjavík, sem skipuð var land- og bæjarfógeta (V. Finsen), landlækni (Jóni Thorsteinsen) og einum bæjarfulltrúa (Hannesi St. Johnsen).

Hér rak sjálfsagt hræðslan við kóleru og bólusótt á eftir enda fjalla fyrstu fundagerðir þessarar heilbrigðisnefndar (1853) einmitt um hættuna af innflutningi kóleru til landsins og var tiltekið skip, sem komið var á leguna í Reykjavík, rannsakað sérstaklega í því skyni. Einnig náði starf þessarar nefndar að sjálfsögðu til farsóttu og útbreiðslu þeirra innanlands, svo sem mislinga, influensu og barnaveiki beint og óbeint. Þessi sérstaka heilbrigðisnefnd sem skipuð var

fyrirnefndum embættismönnum var við lýði þar til árið 1885, en allsherjarlög um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir voru eigi samþykkt fyrir en árið 1901.

Árið 1860 voru sett fyrstu lög á Íslandi um barnaskóla nr. 64 hinn 12. desember. Þar er tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík. Í framhaldi af þessari lagasetningu var skipuð skólanefnd, skólinn stofnsettur, en úr því varð svo varanlegt skólahald í Reykjavík til þessa dags, en eins og fyrr segir var fyrsti skólinn eigi langær, var aðeins rekinn í 18 ár, 1830-1848.

Bæjarstjórnin leysti fjárhagsvanda skólans nú með því að skattleggja tótmhúsmenn og lóðir í bænum. Menntaergerðu sér fljótlegra fulla grein fyrir nauðsyn nægilegrar loftræstingar í húsnæði í samræmi við þá aldagömlu kenningu, að flestir sjúkdómar stöfuðu af óhollum lofttegundum í andrúmslofti, láði og legi. Þótt þessi gamla miasma kenning væri undir aldámótin leyst af hólmi með kenningunni um bakteríusmit var nægilegt og gott andrúmsloft alltaf jafn mikilvægt til varnar bakteríusjúkdómum.

Árið 1881 samþykkti skólanefndin að ráða smiði til að bæta úr loftræstingu í gamla skólahúsinu en þá bjó skólinn við lélegt húsnæði sem hafði verið byggt í öðru skyni, verslunarhús Bierings.

Hinn 1. október 1883 var nýtt barnaskólahús vígt í Reykjavík, fyrsta skólahúsið sem byggt var frá grunni sem slíkt. Það stóð þar sem lögreglustöðin var til húsa lengst af, á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Ekki leið á löngu þar til þetta hús var orðið of lítið og þröngt um nemendur í ört vaxandi bæ og því var fljótlegra farið að huga að nýbyggingu.

Árið 1885 var reist sérstakt leikfímishús án baða en það var mikil framför í líkamsræktarmálum. Leikfímisæfingar á milli borða í skólastofum gátu varla orðið nema nafnið eitt þó löngum væri notast við það áður en leikfímishús kom til sögunnar.

Árið 1898 var lokið byggingu miðhluta þess skólahúss austan við Tjörnina, sunnan Lækjaróss, sem síðar fékk nafnið Miðbæjarskóli, en eins og við sjáum það í dag er búið að byggja við það suður- og norðurálmu til austurs frá endum fyrsta kjarnans (sbr. mynd).

Árin 1900-1919. Reikul spor í átt til persónulegrar heilsuverndar í skólum

Fyrstu ár 20. aldarinnar er enn haldið áfram með umhverfisvernd einkum varðandi húsnæði skóla.

Hinn 16. febrúar árið 1900 samþykkti skólanefndin, að bæta þyrfti loftræstingu í hinu nýja skólahúsi og færa hitamæla á miðjan vegg. Hann 17. október sama ár er Guðmundur Björnsson héraðslæknir kominn í nefndina eftir bæjarstjórnarkosningar þá um sumarið og gerir hann nú tillögu um, að einnig þurfi að skoða einkaskóla í bænum með tilliti til loftræstingar og fleiri atriða.

Hinn 10. mars 1901 fer skólanefndin á stúfana í skoðunarferð í skólahúsi, en þau reyndust vera fimm utan aðalskólans með um 90 nemendum alls, samanber fundargerð skólanefndar. Niðurstaðan varð víðast hvar að þrengsli væru of mikil, birta of lítil og hreinlæti ábótavant.

Árið 1901 urðu tímamót í umhverfisheilsuvernd (hollustuvernd) með fyrstu lögum á Íslandi um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum og sjávarþorpum og ári síðar, 22. október, var gefin út fyrirmynd að heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga.

Í Reykjavík var lokið gerð slíkrar heilbrigðissamþykktar árið 1905 og hún samþykkt í Stjórnarráði 1. janúar það ár en hún skyldi koma til framkvæmda 1. apríl 1905. Í þessari heilbrigðissamþykkt eru hreinlætis- og hollustuverndarmál skóla komin á nýjan fastan grundvöll, sem og sóttvarnarmál, en þar segir í 11. kafla 45.-47. gr. um skóla:

»Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús og skólastofur hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í byrjun skólaárs og á því miðju. Hver sá er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri er skyldugur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna. Sérhver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 90 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Gluggar skulu vera á hjörum, gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa. Ef skólabarn eða kennari hefur berklaveiki og læknir álitur að um mikla sóttnæmishættu sé að ræða þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið



Fyrsta áfanga þessa merka og langlífa barnaskóla í Reykjavík, Miðbæjarskólanum, sem byggður var á rúmgóðu svæði austan Tjarnarinnar var lokið 1898 og skólinn þegar tekinn í notkun. Eftir því sem þörfin óx fyrir aukið húsrými voru byggðar viðbótarálmur til austurs. Þessi skóli leysti af hólmi fyrsta sérbyggða barnaskólann, sem reistur var í þrengslunum á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis (síðar lögreglustöð bæjarins). Það skólahús var vígt 1883 og varð fljótlega of þröngt þar um börnin í ört vaxandi bæjarfélagi. Aður hafði gamalt verslunarhús, sem kennt var við Biering kaupmann verið gefið til skólahalds af kaupmönnum Zimsen og Knutzon 1860 þegar fyrsta opinbera skólanefndin tók til starfa í Reykjavík. Þá hafði allt skólahald legið niðri í 12 ár frá því gefist var upp á rekstri fyrsta barnaskóla Reykvikinga er styrktur var af Torcellisjóði. Þegar styrkurinn brást lagðist skólahald niður 1848 í þessu gamla húsi Innréttunganna, lóskurðarhúsinu, sem nú er Aðalstræti 16.

Tafla I. Skýrslur um heilsufar skólabarna í Reykjavík árin 1924-25 og 1972-73. Taflan sýnir breytt áhersluatriði við skólaskoðun á þessum 50 árum. Barnafarsóttir fyrra tímabilsins eru ýmist óþekktar nú eða svo vægar að ekki vekja mikla athygli m.a. vegna ónæmissaðgerða. Ekki er lengur reynt að mæla eða meta blóðleysi. Tannskemmdir hafa minnkað en batinn er mjög hægur. Ekki er minnst á beinkröm en sá sjúkdómur var æði oft skráður árum saman um miðbik umrædds 50 ára tímabils, e.t.v. á vafasömum forsendum en þá voru upp teknar mjólkurgjafir og lýsisgjafir á 4. áratugnum auk ljósbaða 1940. Matgjafir voru árið 1924 að sögn skólastjóra miklu minni en áður (175) á dag vegna batnandi árferðis og afkomu almennings og lögðust alveg niður fyrir og um 1930. Þegar matgjafir hófust 1910 var þörfin greinilega mikil vegna fátæktar. Hæðar- og þyngdartölur gefa vísbendingu um næringarskort. Skýrslurnar eru unnar úr skólaskoðunarskýrslum Gunnlaugs Einarssonar skólalæknis 1924-25 og Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1972-73.

1924-25

Nemendafjöldi samtals:	1.734
Meðalaldur: ár, mán.	11-0
Afstaðin barnaveiki	108
Afstaðinn kíghósti	1.090
Afstaðin skarlatsótt	218
Afstaðin hlaupabóla	185
Afstaðin mislingar	1.004
Blóðleysi	209
Áberandi tannskemmdir	1.525
Hryggskekkja	16
Eitlaþroti talsverðan	64
Eitlaþrotavottur	715
Míkill kirtillauka	27
Dáltil kirtillauka	155
Sjón gallar upp og ofan	518
Par af leiðandi m. gleraugu	112
Heyrnardeyfa talsverð	11
Heyrnardeyfu vottur	56
Kláði	3
Geitur	2
Óþrif í hári	506
Tæring (Likn)	6
Hjartasjúkd.	3
Máltíðir fengu	175

1972-73	Piltar	Stúlkur
<i>Almennar uppl singar samtals:</i>		
Nemendur alls í skóla	5.801	5.546
Gengu undir skólaskoðun	2.802	2.762
Gæslunemendur alls	1.123	1.173
Þ.a. vísað til læknismeðferðar	700	781
Læknismeðferð fengu	532	644
Ljósboð fengu í skóla	595	1.022
Lýsi fengu í skóla	5.801	5.546
Sjúkraleikfimi nutu	92	120
Undanþágu frá íþróttum	98	116
Hættu námi v. veikinda	2	
<i>Sjúkdómar</i>		
Sjón-tala sjónprófaðra	5.554	5.465
Sjón gallar	572	683
Rangeygð	55	46
Gleraugu	407	541
Heyrn-tala heyrnarpróf.	2.456	2.303
Heyrnardeyfa	33	26
Líkamsþroski-eldi-offita	79	104
Áberandi megurð	17	11
Húð-líkamshirðing-húðsjd.	111	125
Lús eða nit	18	20
Augu: augnsjúkdómar	79	68
Eyru: eyrnasjúkdómar	24	9
Litarskyn-tala prófaðra	664	378
Litblinda	11	
Munnur-kok-nef-kverkilnám	12	11
Kverkil-eða kykilauki	122	124
Eitlar - eitlaþroti	51	53
Hryggur - hryggskekkja	103	119
Limir - ilsig	244	235
Fótvörtur	48	68
Hjarta - hjartasjúkd.	16	7
Lungu: Virkir berklar	-	-
Óvirkir berklar	1	
Astma	7	4
Langvinnt lungnakvef	9	7
Kviður-kynfæri: kviðslit	42	22
Ósjálfráð þvaglát	77	83
Hvíta í þvagi	3	6
Sykur í þvagi		1
Ósigið eista	61	
Vöðvar-taugakerfi: lömun	3	3
Flogaveiki	14	7
Taugaveiklun	43	28
Málfæri-málgallar	58	25
Andl. þroski-vanþroska	41	23

eða kennarinn komi í skólann þar til sóttnæmishætta, að dómi læknis, sé um garð gengin. Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir kennarar ekki fást við barnakennslu.«

Það nýmæli var tekið upp 1906 að hafa matreiðslukennslu í barnaskólum og má telja það vera eitt fyrsta sporið í þá átt að fræða nemendur um hollustu næringarnefna.

Fyrir og eftir aldamótin síðustu höfðu orðið tíð

læknaskipti í Reykjavík. Löngum hafði tíðkast að landlæknir væri einnig héraðslæknir í læknishéraðinu, en þetta breyttist í tíð Jónasar Jónassen og var nokkuð á reiki um tíma, en árið 1896 var Guðmundur Björnsson skipaður héraðslæknir. Hélt hann því embætti til 1906 að Steingrímur Matthíasson tók við, settur, um tíma er Guðmundur Björnsson var skipaður landlæknir. Guðmundur Hannesson var skipaður héraðslæknir í Reykjavík árið 1907. Guðmundur Hannesson hélt síðan héraðslæknisstarfi áfram

þar til hann var skipaður prófessor við nýstofnaðan Háskóla 1911, en þá var Jón Hjaltalín skipaður héraðslæknir í Reykjavík. Jón Hjaltalín varð síðar prófessor við Háskóla Íslands í lyflæknisfræði.

Allir þessir menn höfðu sín áhrif á heilbrigðismál í Reykjavík á þessum tíma. *Guðmundur Hannesson* var fyrsti skólalæknirinn jafnframt embætti sínu sem héraðslæknir og hafði hann þegar á árinu 1909 starfað eitthvað að skóleftirliti og fengið nokkra þóknun fyrir það ár samkvæmt ákvörðun skólanefndar. Árið 1910 er fyrst veitt 200 krónum úr bæjarsjóði til skólaeftirlits sem síðan er í höndum Guðmundar Hannessonar, sem mótaði starfið allt fram til ársins 1916, því þótt Guðmundur Hannesson væri orðinn prófessor og hefði sleppt héraðslæknisstarfinu hélt hann áfram sem skólalæknir við barnaskólann í Reykjavík, en héraðslæknirinn, Jón Hjaltalín, hafði aðra skóla í umdæminu í sinni umsjá.

Árið 1916 varð breyting hér á eins og fyrr segir, en þá var birt bréf Stjórnarráðs Íslands þar sem ákveðið var að héraðslæknar skuli hafa eftirlit með barna- og unglingaskólum. Í kjölfar þessa Stjórnarráðsbréfs birti landlæknir héraðslækninum auglýsingu í Læknablaðinu 1916 bls. 143, í samræmi við bréfið. Í auglýsingu landlæknis er þetta tekið fram:

Bannað er að halda dansleiki og samkomur í skólastofum eða leikskálum. Krafist er, að kennslustofa sé sérstakt hús þar sem öll börn geti setið, að stofan sé rakalaus með ofni og glugga á hjörum. Herbergin skulu það góð að ekki stafi hætta af. Heimili, sem leggur til herbergi í t.d. farkennslu, skal vera laust við berkla. Kennari má ekki hafa smitandi sjúkdóma. Börn með smitandi sjúkdóma mega ekki vera í skóla með öðrum. Skóla- og fræðslunefndir eiga að borga læknum fyrir eftirlitið.

Vafalaust hefur skólaeftirlitið frá upphafi verið mikilvægur þáttur í sóttvörnum, ekki síst berklanna, en ef litið er á skýrslu skólalæknis fyrir árið 1924 sést hve mikil útbreiðsla ýmissa sóttá hefur verið meðal skólabarna á þeim árum, sem hefur ekki verið minni fyrr á árum, samanber töflu I.

Þegar Guðmundur Hannesson byrjar skólaeftirlit í Reykjavík á árinu 1909-1910 voru ekki um það nein sérstök lög í gildi eða reglugerð, heldur aðeins samþykktir skólanefndar sem og bæjarstjórnar, sem vafalaust hefur verið undir áhrifum Guðmundar Hannessonar.

Um það leyti eða 1906-1907 voru fyrst sett lög um skólaeftirlit á Bretlandseyjum og var héraðslækninum falið það starf samkvæmt lögum um það árið 1908. Á Norðurlöndunum voru menn seinna á ferðinni.

Guðmundur Hannesson hélt sérstakar bækur yfir skólaskoðanir sínar, sem enn eru til, og er augljóst af þeim, að mælingar á þyngd og hæð barna hafa byrjað árið 1910 og haldið áfram úr því þar til Guðmundur hættir. Þá hefur hann einnig hannað sérstök heilsufarskort og sérstaka heilsufarsbók. Innfærsla í þessar heilsufarsbækur byrjar við upphaf skólaárs, 17. október 1911, og eru það fyrstu heilsufarsbækur, sem búnar hafa verið til fyrir skólabörn hér á landi að því er séð verður. Á fyrstu síðu heilsufarsbókarinnar, sem er úr miðlungsþykkum pappa, stendur nafn og fæðingarár svo og aldur. Á innri hlið kápunnar eru tíu spurningar, sem foreldrum er ætlað að svara fyrir hönd barnsins, í samræmi við heilsufar þess. Neðst á innri hlið kápunnar er dálkur fyrir ártal, hæð, þyngd og brjóstmál. Á aftari innri hlið kápunnar eru hvatning og reglur um tannhirðingu, sem Guðmundur telur mjög ábótavant meðal skólabarna. Á þynnri blöð milli kápuspjalda eru árlegar athuganir skólalækna færðar. Þessi skjöl ásamt öðrum bókum Guðmundar, fjórum að tölu, eru öll geymd í skjalasafni Reykjavíkurborgar og bera vitni um natni og áhuga Guðmundar Hannessonar prófessors í þessum málum.

Þess má geta áður en lengra er haldið, að árið 1907 er rætt í byggingarnefnd að byggja nýja álmu við Miðbæjarskólann, þ.e. suðurálmu til austurs og jókst þá enn húsrými fyrir börnin enda fór nú börnum stöðugt fjölgandi í Reykjavík eins og fyrr segir.

Hinn 6. maí þetta sama ár er einnig lagt til í skólanefnd að tekin verði upp gufuhitun í hinni nýju álmu og var þetta nýlunda hér á landi. Þá var einnig lagt til, að skolpleiðsla, þ.e. skolpræsi verði lagt frá skólanum út í lækinn. Undir þessa samþykkt skrifa Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur, Jón Þorláksson verkfræðingur og Halldór Jónasson, en þetta mun í fyrsta skipti sem minnst er á holræsagerð í Reykjavík í samræmi við heilbrigðisreglugerð frá 1905, en þessi fyrsta aðgerð snertir einmitt hreinlætismál í umhverfi barnaskólans.

Ári seinna, 1908, er enn minnst á skolpmál og þá skolphreinsun, að ekki skuli færri en fjórar skolþrær (rotþrær), við skólann og gæti þetta einnig verið í framhaldi af

heilbrigðissamþykktinni frá 1905. Einnig má benda á það, að fyrir þessum samþykktum stendur verkfræðingurinn Jón Þorláksson, sem seinna átti eftir að gera garðinn frægan í Reykjavík sem borgarstjóri o.s.frv.





Í desember 1909 samþykkir skólanefnd að veita 700 krónum til matargerðar fyrir fátæk skólabörn og er hér í fyrsta sinn vikið að matgjöfum í barnaskóla í Reykjavík. Á sama fundi er tilkynnt, að bæjarstjórnin hafi og veitt 200 krónum til læknumsumsjónar í barnaskólum og felur borgarstjóra að leita eftir lækni. Árið 1910 er svo frá þessu öllu gengið, Guðmundur Hannesson ráðinn skólalæknir eins og fyrr segir og frú Jónassen falið að sjá um matgjafir í skólanum í samráði við skólastjóra, en rætt var um haframjolsgraut með pela af nýmjólk út á fyrir hvert barn sem mat fékk og var sá matur samþykktur.

Það er athyglisvert, að 70 árum seinna, þ.e. 1977-78, þegar rannsakað er mataræði skólabarna í Reykjavík, er hafragrautur mjög á undanhaldi. Þótt hann hafi alltaf verið talsvert mikið notaður á Íslandi eru komnar alls konar maistegundir á borðin, miklu dýrari en haframjöl og tæplega jafn hollar. Aðeins nemendur í einum

skóla í Reykjavík, Breiðholtsskóla, fengu hafragraut heima, en þar var reyndar mest um börn á þessum árum.

Þegar nú eftir Stjórnarráðsbréfi 1916 og auglýsingu landlæknis var ákveðið að taka upp skólaskoðun á fastari grundvelli en áður, skrifaði Guðmundur Hannesson leiðbeiningar um skólaskoðun í þriðja árgang Læknablaðsins, 10. tbl. 1917. Er það all nákvæm lýsing á öllu sem viðkemur skólaskoðun, svo sem áhöldum, spurningalista um heilsufar og heimili, skoðun á sjón og heyrn auk ýmissa annarra líffæra og síðan nákvæm skoðun á skólahúsnæði. Þessar skoðunarreglur, sem Guðmundur lýsir, og skoðunaraðferðir hafa ekki breyst í tíðanna rás þótt framfarir hafi orðið miklar. Munu þessar skoðunaraðferðir hafa verið í gildi lengst af til þessa dags með lítilsháttar breytingum samkvæmt nýjum lögum og reglugerðum eins og síðar verður að vikið.

Það er sérstaklega þýðingarmikið, að í þessum leiðbeiningum um skólaskoðun, sem Guðmundur Hannesson kemur á framfæri 1917, er sérstaklega mikil áhersla lögð á, að skólabörn séu öll fáklædd og skólaus við skólaskoðun svo að samræmi fáiist í þyngdar- og hæðartölur, en hann bendir á, að



Linurit i. Hæð og þyngd skólabarna í 50 ár. Ath. við línuritið: Hæðaraukning á þessum 50 árum er á meðal skólabarna 10-11% og þyngdaraukning allt að 30-40% (telpur).

Tafla II. *Á töflunni sést hæð og þyngd skólabarna í Reykjavík frá 1910 til 1965. Hæð og þyngd hefur lengstum verið talin einn besti mælikvarði á vöxt og þroska og þar með á næringarástand, sem oft reynist nútengi heilsufarinu. Á töflu 2 og línuriti sjást miklar framfarir á tímabilinu, eða um 10% hæðaraukning osv. frv. Slíkar niðurstöður, ef reynast neikvæðar við skoðun á einstökum börnum gefa tilefni til sérstakra heilsuverndaraðgerða, sem einnig kunna að ná til heimila barnanna og nánasta umhverfis. Taflan og línuritin eru unnin upp úr mælingum prófessors Guðmundar Hannessonar, Lbl. 1917, bls. 156, skólaskoðunarskýrslum, Gunnlaugs Einarssonar 1924-27, Árbókum Reykjavíkur 1940 og 45 eftir dr. Björn Björnsson og heilbrigðisskýrslum 1963, Benedikt Tómasson og Guðjón Hansen (1965).*

	Árin							
	drengir	stúlkur	drengir	stúlkur	drengir	stúlkur	drengir	stúlkur
HÆÐ								
8 ára	122,3	121,6	124,1	122,1	129,5	128,1	132,0	130,8
10 ára	131,0	130,2	134,2	132,8	138,6	137,8	142,9	141,9
12 ára	138,3	139,6	144,4	142,5	147,2	148,1	152,8	154,9
ÞYNGD								
8 ára	23,0	22,8	24,1	23,4	26,6	26,1	28,8	27,9
10 ára	27,3	27,0	29,9	28,3	31,8	31,7	35,8	35,1
12 ára	31,3	32,0	35,5	35,8	37,7	38,8	43,3	45,2

sums staðar í nálægum löndum hafi mikið skort á, að þessu hafi verið framfylgt réttilega.

Guðmundur drepur líka réttilega á það að hæðar- og þyngdarmælingar séu mjög góður mælikvarði á vöxt og viðgang barnanna, næringarástand o.s.frv. (Tafla II).

Í samtíningi í þessu sama Læknablaði 1917 er einnig skýrsla um berklapróf (»Pirquet«) á skólabörnum árin 1911-1916, en þær rannsóknir gerði Jón Hjaltalín héraðslæknir í Reykjavík. Þar kemur í ljós að berklasmít hafði átt sér stað í yfir 80 af hundraði 14 ára barna og er það glögg dæmi um útbreiðslu berklaveikinnar hér á þeim árum. Annars er nýbúið að taka berklahælið á Vífilsstöðum í notkun þegar berklapróf byrja. Samkvæmt berklalögunum 1903 er mikil áhersla lögð á rannsókn á berklum og forvarnaaðgerðum gegn þeim. Meðal annars er þá ákveðið, að í öllum opinberum byggingum skuli vera »hrákadallar« en ekki hrækt á gólfíð því menn óttuðust smit út frá hrákum í þá daga sem von var til (Tafla III).

Það má segja, að skólaeftirlitið hafi boðið upp á hina viðtækustu og bestu rannsóknaraðstöðu og aðferð vegna berklanna, en það var berklaprófið þar sem svo mörg börn komu saman á hverju ári. Allt frá þeim tíma að berklaprófið fyrst var tekið upp og til þessa dags hefur það verið eitt sterkasta vopnið í hendi þeirra manna sem voru að berjast gegn berklunum. Jákvætt berklapróf sýndi á áþreifanlegan hátt, að barnið hafði komist í snertingu við smitandi menn, karl eða konu, annað hvort í heimahúsum eða í næsta nágrenni og átti það því frekar við sem börnin voru yngri.

Var þar hægt að ganga að smitberunum vísu og koma þeim í læknishendur án tafar, þó stundum hafi þurft að leita lengra. Á síðasta ári annars áratugarins, er skólinn tekinn fyrir sjúkrahús í influensunni eða spönsku veikinni sem hér gekk yfir. Á árunum 1918-19 fer héraðslæknir fram á nákvæma hreinsun á skólahúsinu áður en það verði tekið aftur í notkun sem skólahús eftir að það hafði verið sjúkrahús í nokkurn tíma.

Á stríðsárunum aukast matgjafir og árið 1918 er kostnaður við þær áætlaður 3.000 krónur, hefur meira en tvöfaldast á einu ári, farið úr 1.200 krónum í 3.000.

Árin 1920-1939. Skólaeftirlit og læknisskoðanir taka á sig framtíðarmynd

Hér verða raktar ýmsar ákvarðanir skólanefndar sem segja má, að séu upphaf hinna ýmsu þátta skólaeftirlits framtíðarinnar. Í þessum skólanefndarfundargerðum sést einnig hvenær fyrsti skólaeignirinn, sem ekki var héraðslæknir um leið, hóf störf 1920, fyrsti tannlæknirinn 1922, fyrsta skólahjúkrunarkonan 1922 og fyrsti skólaaugnlæknirinn 1920. Í seinni tíma ritum svo sem »Skipan heilbrigðismála á Íslandi« og »Ársskýrslum heilbrigðismálaráðs«, er snerta heilsugæslu í skólum, gætir misskilnings með ártöl þessi og atburðirnir tímasettir talsvert seinna en raunverulega var eða frá 1924-1929 eins og sést í umræddum skýrslum. Hér taka fundagerðir skólanefndar af öll tvímæli. Í hinum ágætu skýrslum Gunnlaugs Einarssonar skólalæknis Barnaskóla Reykjavíkur frá 1924-1927 hefur slæðst inn sú villa, að skólaeftirlit Guðmundar Hannessonar hafi byrjað 1906. Hið sanna er, að

Tafla III. Berklapróf á skólabornum í Reykjavík 1911-1916. Taflan birtist í Læknablaðinu 1917 bls. 173 unnin af Jóni Hjaltalín Sigurðssyni eftir athuganir hans á nemendum í Barnaskóla Reykjavíkur. Á töflunni sést af berklaprófum skólaborna, hversu útbreiddir berklarnir voru í þjóðfélaginu á árunum 1911-1916. Í elsta aldursflokknum hafa um 80% barna smitast. Á árunum 1933-43 hefur þessi tala fallið niður í 20-25%. Nú eru jákvæð berklapróf teljandi á fingrum annarrar handar.

7 ára börn	8	Pirquet ÷ 7	Pirquet + 1
8 ára börn	44	Pirquet ÷ 40 (90,9%)	Pirquet + 4
9 ára börn	106	Pirquet ÷ 75 (70,7%)	Pirquet + 31
10 ára börn	59	Pirquet ÷ 42 (72,0%)	Pirquet + 17
11 ára börn	29	Pirquet ÷ 20 (68,9%)	Pirquet + 9
12 ára börn	25	Pirquet ÷ 17 (68,0%)	Pirquet + 8
13 ára börn	41	Pirquet ÷ 20 (49,0%)	Pirquet + 21
			Pirquet + 8
14 ára börn	10	Pirquet ÷ 2 (20,9%)	
Samtals	322 börn	223	99

Það byrjar eins og fyrr segir 1910, samanber fundarsamþykkt skólaneftndar og bæjarstjórnar fyrir þau ár. Heilsufarsbækur Guðmundar sanna þetta. Það er og vitað, að Guðmundur Hannesson var fyrst skipaður héraðslæknir í Reykjavík 1907. Samkvæmt fundargerðabókum skólaneftndar hafa þeir Knud Ziemsén og Jón Þorláksson verið aðalmenn í skólaneftnd út árið 1919 eða til kosninga vorið 1920 en þá kemur í nefndina Sigurður Guðmundsson, síðar skólameistari á Akureyri, en hann var formaður hennar 1921. Þá kemur einnig í nefndina Gunnlaugur Claessen, en hann lætur fljótlega til sín taka og fer fram á ýmsar hreinlætisaðgerðir, meðal annars sérstakt eftirlit með salernum skólans. Gunnlaugur Claessen vill heldur ekki, að almennar kosningar fari fram í skólanum. Hann fer og fram á það, að steipt verði frárennsli frá skólalóð o.s.frv. og að umbætur verði gerðar á salernum.

Í byrjun skólaárs 1920, þ.e. 20. september, liggur fyrir að héraðslæknir segir lausri stöðu sinni sem skólalæknir. Sama ár er ráðinn sérstakur skólalæknir, Guðmundur Thoroddsen. Þá var hinn 11. nóvember sama ár ákveðið að byggja baðhús árið 1921 og fjölga salernum og gera ýmsar umbætur á því. (Þess má geta hér að þrátt fyrir að leikfímishús hafi verið byggt 1885 hafði aldrei verið byggt við það baðhús og stóð í nokkru þrefi á þessum árum um fyrirkomulag þess.)

Hinn 10. nóvember 1921 kemur fram í

fjárhagsáætlun, að heilbrigðiseftirlit kostar nú 5.000 krónur, matgjafir 3.500 kr. og ætlaðar eru 10.000 krónur til malbikunar skólalóðar. (Þá mun norðurálma einnig hafa verið risin og skólalóðin þar með afmörkuð sem leikvöllur skólaborna.) Malbikun skólalóðar hlýtur að teljast til hinna mestu þrifnaðarframkvæmda við skólann, umhverfisheilsuvernd.

Sama ár, 30. nóvember 1921, er samþykkt að leggja til af hálfu skólaneftndar, að áætla vegna tannlækninga við barnaskólann kr. 3.200 fyrir áhaldakaupum og kr. 800 vegna starfrækslu þeirra, en þetta er fyrsta ályktunin um tannlækningar við barnaskólann í Reykjavík. Í ársbyrjun 1922 er enn rætt um útvegum á tannlæknisáhöldum fyrir kr. 4.000 og þeim Wilhelm Bernhöft og Gunnlaugi Claessen falið að sjá um það. Á sama fundi er einnig rætt um augnlæknisskoðun og ókeypiss gleraugu fyrir fátæk börn.

Á þessum fundi, 11. janúar 1922, er lögð fram skýrsla Guðmundar Thoroddsens skólalæknis fyrir árið 1921-22. Á sama fundi er formanni falið að auglýsa til umsóknar starf hjúkrunarkonu frá og með 1. febrúar 1922. Einnig er rætt um heilbrigðismál skólans og þar með drykkjarvatnsáhöld sem þyrfti að koma upp og þannig útbúin að ekki geti valdið smitun, þ.e. enginn sameiginlegur stútur heldur einhvers konar gosbrunnur. Eftir tæpan mánuð, 1. febrúar 1922, er Helga Jónsdóttir ráðin sem skólalæknir hjúkrunarkona fyrir kr. 350 á mánuði enda standi hún þá fyrir matgjöfum. Þennan sama dag er lagt fram uppsagnarbréf frá Guðmundi Thoroddsen þar sem hann vill hætta störfum og ráða Gunnlaug Einarsson lækni í sinn stað það sem eftir var vetrarins og var það samþykkt. Undir þessa fundargerð skrifar Jón Þorláksson verkfræðingur, Laufey Vilhjálmsdóttir, Þorvarður Þorvarðarson og Gunnlaugur Claessen læknir. Þetta sama ár segir svo Jón Þorláksson af sér skólaneftndarstarfi en í hans stað var kosinn Jón Ófeigsson kennari, síðar þýskukennari við M.R.

Hinn 29. maí vorið 1922 er enn deilt um skólabaðhús og komu menn sér nú loksins saman um að fara eftir teikningu bæjarverkfræðings hinn 9. júní um fyrirkomulag þess. Gunnlaugur Einarsson er svo fastráðinn skólalæknir 25. september 1922 með sömu launum og Guðmundur Thoroddsen hafði haft. Áður hafði

Andrés Fjeldsted verið ráðinn skólaaunlæknir. Hinn 4. október er tilkynnt að tannlæknaáhöld séu komin til skólans og kosti þau 1.100 krónur. Wilhelm Bernhöft hefur tjáð sig fúsan að taka að sér skólatannlækningar fyrir 50 kr. á klukkustund. Þannig varð Wilhelm Bernhöft fyrsti skólatannlæknir Barnaskóla Reykjavíkur.

Í nóvember 1922 eru samþykktar ýmsar ráðstafanir við skólann, sem horfa til betra umhverfis í heilsuverndarskygni, svo sem að leggja nýja miðstöð í norður- og vesturálmuna, leggja dúka á ganga uppi og á stigahús í suðurálmum og áframhaldandi endurbætur á salernum og uppbyggingu sérstaks »pisssoirs«, þvagskála. Þetta ár eru einnig tekin upp ný skólaskoðunarkort mjög í anda þeirra leiðbeininga sem Guðmundur Hannesson hafði lagt fram í áður umræddri grein í Læknablaðinu 1917.

Hinn 3. september 1923 er Gunnaugi Einarssyni skólalækni gefið utanfararleyfi og tekur Magnús Pétursson bæjarlæknir að sér starfið á meðan. Hinn 22. september var skólanefndarformanni falið að sjá um framkvæmd berklaskoðunar í samráði við bæjarlækni, samkvæmt bréfi frá honum dagsett 21. september.

Hinn 20. október 1923 er tilkynnt um 1.120 börn sem hafa verið skoðuð vegna berklaveiki eða í sambandi við eftirlit með berklaveiki. Öll hin börnin koma með læknisvottorð, en þau voru 693. Við skoðunina fannst eitt barn hættulega berklaveikt og annað vafasamt. Á þessum sama fundi liggur fyrir bréf frá Wilhelm Bernhöft um að hann vilji fá 200 krónur á mánuði í þóknun fyrir tannlækningar, en nefndin vildi ekki samþykkja slíkt. Á skólaárunum 1923-1924 fór fram skoðun á öllum börnum skólans samkvæmt berklavarnalögum og voru allmörgum börnum bönnuð skólavist. Þetta mun vera sérskoðun á vegum Vífilstaðahælis, en þaðan var nú berklavörnum stjórnað.

Í febrúar 1924 var skólanum lokað um tíma vegna influensu. Skólaárið 1923-24 var útbýtt 330 »aðgöngumiðum« að matargjöfum og voru þeir miðar allir nýttir. Eins og fyrr segir hafði skólanefndin ekki viljað ganga að kröfu Wilhelms Bernhöft um 200 króna gjald á mánuði fyrir skólatannlækningar. Var þá leitað eftir öðrum tannlækni og Hallur Hallsson ráðinn. Gaf hann skýrslu um skólatannlækningar, bæði skoðun og

aðgerðir, í ársskýrslum skólans fyrir árin 1924-1927 og þá í framhaldi af eða í tengslum við skólaeftirlitsskýrslu þáverandi skólalæknis, Gunnlaugs Einarssonar.

Árið 1926 er gefið út bann gegn skólasókn þeirra barna sem ekki höfðu fengið kíghóstan. Árið 1927 er Thyra Lange ráðinn skólatannlæknir fyrir 600 króna kaup á mánuði. Árið 1929 er ákveðið að loka skólanum um tíma vegna influensu.

Hinn 11. júní 1930 er lagt fram bréf frá Læknafélagi Íslands og Óskari Þórðarsyni skólalækni þar sem farið er fram á, að skólalæknisstaðan við Austurbæjarskóla, sem nýtekinn var til starfa, verði auglýst og telur skólanefnd rétt að taka slíkt til athugunar. Sama ár er samþykkt að taka boði Davíðs Schevings, fyrrverandi héraðslæknis, um fræðslumyndasafn í heilbrigðisfræði. Hinn 10. apríl það ár er Ólafur Helgason ráðinn skólalæknir við Miðbæjarskólann við Frikirkjuveg og Óskar Þórðarson við Barnaskólann við Vitastíg, þ.e. Austurbæjarskóla. Þessir læknar áttu síðan eftir um langt árabíl að starfa að skólalækningum í Reykjavík og skipuleggja framkvæmd skólaeftirlits langt fram í tímann.

Árið 1930 er rætt um útivist barna á kvöldin. Sama ár er samþykkt að greiða nuddkostnað fyrir nemendur, sem þess þurfa, með 100 króna byrjunarframlagi. Hinn 18. apríl 1931 er greitt fyrir sérkennslu blinds barns, alls 400 krónur og sama ár er samþykkt beiðni Thyru Lange skólatannlæknis að ráða aðstoðartannlækni með 100 króna framlagi á mánuði. Þá um haustið er lagt fram bréf skólalækna um að hryggskekkju hafi orðið vart í 120-130 börnum og málið falið Jóni Þorsteinssyni leikfímiskennara til aðgerða. Á sama fundi er lagt fram bréf skólastjóra Austurbæjarskólans um 5.000 króna fjárframlag til mjólkurgjafa. Á fjárhagsáætlun fyrir árið 1932 er varið kr. 16.000 til heilbrigðiseftirlits og tannviðgerða, kr. 10.000 til matgjafa og kr. 3.000 til sjúkraleikfimi eða alls 29.000 krónum en það er um 22% af kostnaði við skólann fyrir utan laun kennara.

Eftir að kennslu er lokið vorið 1932 fær Helga Thorlacius leigt eldhús skólans til að kenna matbúnað íslenskra matjurta. Sama ár er farið að hugleiða kaup á skólahúsi fyrir Skildinganeshverfið. Úr varð að leigja á Baugsvegi 4 og það haust er lögð rík áhersla á

mjólkurgjafir í barnaskólum af hálfu skólafélags barnakennara. Fyrir árið 1933 er áætlað að að verja kr. 19.000 í heilbrigðiseftirlit og tannlækningar, kr. 15.000 í matargjafir og kr. 3.000 til leikfimi vegna hryggjskekkju eða alls 37.000 krónum af 135.000 króna kostnaði utan kennaralauna eða 27,4% og fer því þessi kostnaður hækkandi. Kennaralaun eru svipuð og annar heildarkostnaður, það er 130.000 krónur.

Árið 1932 er ráðinn sérstakur sundkennari við sundlaug Austurbæjarskólans, Vignir Andrésson, en eins og vitað er hafði sundkennsla farið fram um langan tíma við Sundlaugarnar í Reykjavík.

Sumarið 1933 er farið fram á að gerður verði sérstakur samningur við skólalækna. Þrem árum seinna voru lögð fram drög að erindisbréfi fyrir skólalækna og gerð tillaga um sérstakt skoðunargjald, kr. 2,50, fyrir barnið. Hér er að finna upphafið að samræmdum skólaskoðunarspurningum og samræmdu mati á kvillum skólabarna. Sama ár var ályktað um matgjafir við barnaskólann eins og raunar á hverju hausti í sambandi við fjárhagsáætlun.

Fyrir skólaárið 1934 voru útgjöld til heilbrigðismála áætluð 27% af öllum útgjöldum skólanna fyrir utan laun kennara. Vorið 1934 var lögð fram tillaga kennara um eftirlit með veikluðum börnum sem einnig fari fram yfir sumartímann. Hér er um að ræða fyrstu hugmynd um gæslunemendur sem síðar fengu fastari sess í skólaskoðunarkerfinu.

Þetta sama vor 1934 fara skólalækningar fram á sérherbergi fyrir starfsemi sína við skólana. Ekki er talið fært að nota sama herbergi og tannlæknir til almennrar skólaskoðunar. Þetta sama ár falast skólalækningar eftir því í bréfi til nefndarinnar, að stofnaður verði heimavistarskóli fyrir veikluð börn eða aðstaða til slíkrar heimavistar í Laugarnesskólanum, sem nú var í byggingu við Reykjaveg og skyldi byggingu skólans vera hagað í samræmi við það.

Árið 1935 hófst svo þessi starfræksla í hinum nýja skóla, það er eins konar sjúkradeild, undir forstöðu Vigdísar Blöndal, sem hafði áður fengið styrk til að kynna sér slíka starfsemi í heimavistarskólum í Danmörku. Hinn 5. október þetta ár beinir skólanefndin þeirri ósk til bæjarráðs að mjólkur- og lýsisgjafir skyldu hefjast í barnaskólanum hið fyrsta. Hér er í fyrsta skipti á skólanefndarfundum minnst á lýsisgjafir í skólanum.

Eins og fram kemur í gjörðum skólanefndar, þ.e.

fundagerðabókunum, eru frá árunum 1920-1939 flestir aðalþættir skólaeftirlits þegar komnir fram í lok fjórða áratugarins. Beinar tilvitnanir í skólanefndarfundagerðir eru gerðar af marggefnu tilefni sem er miskilningur síðari tíma manna á árssetningu ýmissa þessara byrjunaratriða, svo sem skólalæknis, skólahjúkrunarkonu o.fl. Þegar hér er komið við sögu eru skólarnir í Reykjavík orðnir fimm talsins, sumir mjög fámennir og afskekktir, til dæmis Viðeyjarskóli með 14 börn og Seltjarnarnesskóli með 50 börn. Hinir skólarnir eru stærri, Skildinganeskóli með 264 börn, Miðbæjarskóli 1.779 börn, Laugarnesskóli 327 börn og Ausurbæjarskóli 1.809 börn. Alls eru því hér 4.243 börn sem árleg skólaskoðun nær til. Skólalækningar þessa tíma hafa séð erfiðleika á að fá fullkomlega samræmdar niðurstöður úr skólaskoðunum og höfðu því fengið samþykkt erindisbréf. Samræmdar aðferðir og tæki nægðu þó ekki fyllilega til þess að tryggja fullt samræmi í niðurstöðum því að mat sjúkdómseinkenna vill verða einstaklingsbundið og erfitt um stöðlun eins og átti eftir að koma í ljós.

Í fræðslulögum nr. 94/1936 segir í 27. grein: Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við heilbrigðisstjórn (sbr. reglugerð nr. 50/1944 hér á eftir).

Þess má ennfremur geta hér, að fyrstu rannsóknir á mataræði skólabarna hóf Baldur Johnsen í Laugarnesskóla veturinn 1938-1939 eins og um getur í Læknablaðinu 1941 þar sem niðurstöður í Reykjavík og annars staðar eru raktar. Sams konar rannsókn gerði Manneldisráð 1977-1978, samanber fylgirit með Heilbrigðisskýrslum 1981.

Tímabilið 1940-1959. Ný lög og reglugerðir vísa veginn til framtíðarinnar

Á fyrsta ári þessa tímabils eru sett ný lög um stjórn íþróttamála nr. 25/1940. Þar er gert ráð fyrir framkvæmdastjórn í höndum íþróttafulltrúa ríkisins til aðstoðar fræðslumálastjórn í framkvæmd íþróttamála sem segja má, að sé einn af hyrningasteinum líkams- og heilsuræktar.

Með reglugerð nr. 50/1944 eins og fyrr er dregið á, er málum þessum komið í enn fastara form og þá ákveðin kennsla í heilsufræði í barna- og unglingskólum.

Í fyrstu árbókum Reykjavíkur árin 1940 og 1945, einkum þó 1940, er gerð grein fyrir þróun

skólamála, heilbrigðiseftirlits og læknisskoðunar í skólum frá fyrri tíð og til þess tíma, þ.e. 1940-1945. En þar er m.a. að finna merkilega félagslega rannsókn þar sem kvillar skólabarna eru bornir saman við heimilisástand, tekjur heimila, atvinnustétt foreldra, húsnæði, t.d. í kjallara, í risi, þrengsli, þægindi o.s.frv. Hæðar- og þyngdartölur eru bornar saman um árabíl. Berklapróf á börnum er rakið um árabíl, skrá um lús og nit í börnum og annan óþrifnað svo og sjón og heyrn. Málgallar eru athugaðir og gert yfirlit um þá.

Ef til vill voru þessar merku skýrslur dr. Björns Björnssonar hagfræðings Reykjavíkurbæjar hvatinn að hinum mörgu lagasetningum fimmta og sjötta áratugarins til þess að tryggja sem best lagalegan og fjárhagslegan grundvöll skólaeftirlits og læknisþjónustu við skólaæskuna. Ég hef áður minnst á lög nr. 25 frá 1940 og reglugerð nr. 50 frá 1944. Síðan voru sett lög um fræðslu barna nr. 34/1946 en í þeim var í fyrsta sinn gert ráð fyrir sérstökum skólayfirlækni sem hafi yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og íþróttastarfsemi í skólum, en jafnframt gert ráð fyrir að heilsuverndarstöðvar taki að sér skólaeftirlit og læknisþjónustu við skólaæskuna svo fremi að þær starfi í þeim héruðum sem um er að ræða. Það dróst að kaflinn um skólayfirlækni og skólaeftirlit, þ.e. XI. kafli þessara laga yrði látinn koma til framkvæmda. Málið var þá tekið upp á aðalfundi Læknafélags Íslands árið 1951 en þar flutti Baldur Johnsen erindi um skólalækningar, þar sem mjög var hvatt til og fyrir því færð margvísleg rök að XI. kafli laganna yrði látinn koma til framkvæmda sem allra fyrst. (Læknablaðið 1951, bls. 16-25).

Enn liðu fimm ár þar til skólayfirlæknir var ráðinn, en það var 1. september 1956. Benedikt Tómasson læknir, skólastjóri Flensborgarskóla í Hafnarfirði, gegndi fyrstur þessu embætti. Ári áður höfðu verið sett ný lög nr. 44/1955 um heilsuverndarstöðvar en þar eru ákvæði um að heilsuverndarstöðvar skuli taka að sér allt skólaeftirlit. Árið 1957 voru enn sett lög nr. 61 um heilsuvernd í skólum sem telja mátti endurbót XI. kafa fyrrnefndra laga nr. 34/1946 sem um leið var numinn úr gildi. Reglugerð fylgdi um framkvæmd þessara laga nr. 214/1958. Þar með má segja, að laga- og reglugerðarákvæði nái nú til all flestra þátta skólaeftirlits svo sem um starfssvið og skyldur skólayfirlæknis, skólalækna, skólahjúkrunarkonu, skólatannlækna, heilsuverndarstöðva, um

framkvæmd skólaskoðana og heilbrigðisfræðslu, íþróttaiðkanir, fjarvistir nemenda og loks um þátt skólastjóra og kennara í skólaeftirliti o.s.frv.

Hér með mátti segja að lokið væri þeirri »lagasetningarhrotu« fimmta og sjötta áratugarins, sem byggð var á reynslu fyrri ára, allt frá fyrstu skrefum Guðmundar Hannessonar sem hér hafa verið rakin samkvæmt fundagerðabókum skólanefnda í Reykjavík. Skólayfirlæknir birti nú nýjar leiðbeiningar um skólaskoðanir sem byggja á fyrrgreindum lögum og reglugerðum og komu þær leiðbeiningar út sem fylgirit með heilbrigðisskýrslum frá árinu 1954. – Reykjavík 1957 – Fjórutíu árum fyrr birti Guðmundur Hannesson prófessor leiðbeiningar um skólaeftirlit í Læknablaðinu 1917 og byggði þá á Stjórnarráðsbréfi og auglýsingu landlæknis sem út kom 7. september það ár.

Guðmundur Hannesson lauk leiðbeiningum sínum um skólaeftirlit með spurningunni: »*Qui Bono?*« þ.e. að hvaða gagni kemur þetta allt? Það var löngum þá og síðar erfitt að fá framgengt læknishjálp og áframhaldandi eftirliti með börnum sem reyndust veik við skólaskoðun. Áður hafði verið drepið á aðgerðir fyrri skólalækna til þess að koma á varanlegu eftirliti með slíkum börnum en í hinum nýju leiðbeiningum um skólaeftirlit, sem skólayfirlæknir gaf út, er þeim málum komið á fastari grundvöll en áður með nýyrðinu »gæslunemendur«, sem minna menn rækilega á, að ekki sé nóg að skoða og finna kvilla heldur þurfi að fylgja eftir þeirri skoðun með læknisaðgerðum eftir því sem við á hverju sinni. Hliðstæð hugsun lá að baki heimavistar fyrir veikluð börn við Laugarnesskólann löngu fyrr. Það átti að verða auðveldara en áður að fylgjast með þessum gæslunemendum eftir að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur hafði tekið við allri skólaskoðun en Heilsuverndarstöðin starfaði að sjálfsgöðu allt árið. Hún var tilbúin að taka við hlutverki sínu að fullu árið 1958, en þá voru hér átta barnaskólar, sem sendu þangað nemendur í skólaskoðun, og sjö gagnfræðaskólar svo og fjórir aðrir framhaldsskólar. Hver þessara skóla hélt þó áfram sínum sérstaka skólalækni og hjúkrunarkonu. Heilsuverndarstöðin gaf einnig möguleika á betri samræmingu aðgerða en áður, betri tækjum og betri aðstöðu og oft á meiri starfskröftum svo sem hjúkrunarfólki og riturum. Þannig mátti segja, að hin persónulega hlið heilsuverndarinnar hefði að fullu náð tilgangi sínum sem framhald af heilsuverndarstarfsemi allt frá eftirliti með barnshafandi konum,

ungbörnum, smábörnum og það allt á einum stað undir einni stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Ljósböð voru tekin upp í barnaskólunum árið 1940 og til þess tekin stofa í hverjum skóla og ráðinn starfsmaður til að sjá um framkvæmd. Hætt var við ljósböðin í lok áttunda áratugarins.

Tímabilið 1960-1983. Draumarnir rætast

Segja má, að á þessum árum verði heilsuvernd í skólum að þeim mikilvæga þætti í barna og unglíngavernd sem björtustu vonir stóðu til eða bjartsýnis- og heilsuverndarmenn hafði dreymt um. Árið 1962 bættist við nýr þáttur, heyrnarverndin, sem ekki veitti af í því hávaðasama þjóðfélagi, sem við lifum nú í, á vinnustöðum og skemmtistöðum. Zontaklúbbur Reykjavíkur gaf tæki til þess eftirlits og voru þegar á árinu 1962 prófuð 3.862 börn með þeim. Árið 1968 fékk þessi starfsemi bætta aðstöðu í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Á árunum 1967-1973 hafa farið fram 5 til 6 þúsund árlegar heyrnarmælingar á nemendum skóla, aðallega 7-12 ára. Árið 1973 þurfti að vísa 89 börnum í sérstaka meðferð til eyrnalækna.

Með heyrnarskoðunum skólabarna og annarra með hinni góðu aðstöðu í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur var lagður grundvöllur að einum þýðingarmesta þætti í forvörnum atvinnusjúkdóma í landinu. Einn algengasti atvinnusjúkdómurinn var að verða heyrnarskemmd af völdum hávaða á hinum ýmsu vinnustöðum, skemmtistöðum og víðar.

Annað vandamál sem nú kom upp á yfirborðið á seinni árum vegna breyttra þjóðfélagshátta að ýmsu leyti var mataræði skólabarna þar sem heimilin voru ekki lengur fær um að sinna þessu hlutverki sínu og vegalengdir í borginni milli heimilis, skóla og vinnustaða voru að lengjast æ meir.

Á vegum Manneldisráðs var því 1977 eins og fyrr er greint frá hafin athugun á mataræði, þar með máltíðum og matarvenjum skólabarna í nokkrum grunnskólum í Reykjavík. Af þessum könnunum þótti sýnt, að mataræði og matarvenjum skólabarna var í ýmsu ábótavant og voru söluskálar og sjoppur æði oft helstu matstaðir barnanna, þar sem eingöngu var neytt sykraðra gosdrykkja og sælgætis o.s.frv., samanber skýrslu um mataræði skólabarna í Reykjavík, könnun Manneldisráðs 1977-78 eftir Baldur Johnsen (fylgirit með heilbrigðisskýrslum 1981

nr. 1). Ef niðurstöður þessarar rannsóknar eru bornar saman við fyrri rannsóknir Baldurs Johnsens fyrir 40 árum kemur í ljós þegar á heildina er litið, að neysla sælgætis og gosdrykkja hafði aukist gífurlega. Neysla járnsg og fituleysanlegra vítamína var í lágmarki. Neysla máltíða í heimahúsum hafði minnkað verulega. Neysla ávaxta og grænmetis hafði aukist.

Stjórnskipuð nefnd rannsakaði aðstöðu í skólum til matreiðslu og borðhalds og var slík aðstaða óvída eða yfirleitt ekki fyrir hendi í grunnskólum. Þá hafði nefndin og forgöngu um, að sett yrði saman skólanesti sem miðað var við dagsþarfir 11-14 ára gamalla barna og skyldi það innihalda um 20% orku, hvítu og kalki, B₁ og B₂ vítamínum og um 6% járnsg og yfir 90% C-vítamíns og þetta allt saman miðað við tiltekna erlendar töflur um dagsþarfir barnanna. Fræðsluráð Reykjavíkur hóf síðan byrjunarframkvæmdir í reynsluskyni haustið 1982 en haustið 1983 komst starfsemi þessi í fullan gang. Með neyslu þessa nestis í skólum átti að vera hægt að fella niður lengri frímínútur um miðjan daginn og stytta þannig skóladaginn um allt að einni klukkustund þegar á allt var litið og þar með að gera skólatímann samfelldan, samanber nefndarálit um skólafræði.

Það var skoðun lækna og skólamanna, að með þessu nýja átaki mætti draga nokkuð úr sjoppurápi í frímínútum og þar með minnka hina miklu neyslu sælgætis og gosdrykka. Til ofáts sælgætis var talið að rekja mætti að stórum hluta hversu erfiðlega gengi í baráttunni við tannskemmdir unglíngja þrátt fyrir gífurlega fyrirhöfn og kostnað af hálfu borgarinnar vegna tannlækninga.

Þótt þessu yfirliti sé fyrst og fremst ætlað að rekja ástand mála í lækniþjónustu skóla áður en grunnskólalögin tóku gildi, verður ekki komist hjá því að drepa á nokkrar breytingar á lækniþjónustu fyrir og eftir 1980, auk þess sem að framan er rætt um mataræði. Tekin var upp leit að mótefnum gegn rauðum undum í 11 ára telpum og síðan bólusettar þær sem ekki höfðu mótefni (ekki fengið sjúkdóminn). Tekin var upp mislingabólusetning.

Kúabólusetningu var hætt þar sem stórabóla var talin vera úr sögunni í heiminum. Hætt var við lýsisgjafir, m.a. vegna erfiðleika í framkvæmd enda heimilum treyst fyrir því hlutverki og það í samræmi við niðurstöður áðurnefndrar könnunar á mataræði skólabarna. Þá var eigi lengur talin

þörf fyrir ljósböð og þeim því hætt, en þau höfðu verið tekin upp árið 1940.

Reykingavarnir voru teknar upp árið 1976 með sérstöku fræðslustarfi sem náði til 11-16 ára nemenda (bekkja), alls 8.000 nemenda. Árangurinn var gerður upp 1978 og hafði þá dregið úr reykingum um fjórðung miðað við árið 1974, en fram að þeim tíma höfðu reykingar skólabarna alltaf verið að aukast frá fyrstu könnunum borgarlæknisembættisins 1960, samanber grein Skúla G. Johnsen borgarlæknis í Læknablaðinu 1979, 2. tbl. bls. 63-4.

EFTIRMÁLI

Qui bono?

Hér var hafið brautryðjendastarf til verndar lífi og heilsu barnaskólanemenda og ekki látið þar staðar numið heldur uppbyggingarstarfi haldið áfram.

Áhrifin voru víðtæk, eigi aðeins fyrir nemendurna sjálfa og heimili þeirra, heldur var þarna og lagður grundvöllur að berklavörnum í landinu svo og öðrum sjúkdómsvörnum, sem átti eftir að bera ríkulegan ávöxt.

Hvers konar óþrifnaði, ófullkomnum klæðaburði og húsnæði og óhollu mataræði var sagt stríð á hendur. Þegar var hafist handa um það sem mest þótti um vert, berklapróf nemenda og kennara og matgjafir í skólum, en annað fylgdi á eftir eins og skýrslur sanna.

Allar þessar vel heppnuðu aðgerðir gáfu þegar jákvætt svar við spurningu Guðmundar Hannessonar: Qui bono? Voru þær án efa kveikjan að víðtækara forvarnarstarfi í yngri og eldri aldursflokkum á heimilum, í skólum og á öðrum vinnustöðum svo sem greint er frá á blöðum þessum.

HEIMILDIR

- Ársskýrslur heilbrigðis(mála)ráðs Reykjavíkur um Heilsuverndarstöð og fleira 1955-1982.
- Baldur Johnsen. Food in Iceland 1550-1850. School diets. Nordisk Medicinhistorisk Ársbok 1972.
- Baldur Johnsen. Fæðið á Íslandi í gamla daga (skólamáltíðir). Húsfreyjan 1965.
- Baldur Johnsen. Handhæg aðferð til næringarrannsókna í héruðum. Læknablaðið 1941.
- Baldur Johnsen. Mataræði skólabarna í Reykjavík. Fylgirit með heilbrigðisskýrslum 1981.
- Baldur Johnsen. Miasmer eller kontagion. Nordisk Medicinhistorisk Ársbok 1982.
- Benedikt Tómasson. Heilbrigðiseftirlit í skólum og kvillar skólabarna. Skírnir 1957: 172-205.
- Benedikt Tómasson. Leiðbeiningar um skólaeftirlit. Fylgirit með heilbrigðisskýrslum 1954, útgefið 1957.
- Björn Björnsson. Árbækur Reykjavíkur 1940 og 1945.
- Fundargerðir bæjarstjórnar Reykjavíkur árin 1900-1920.
- Fundargerðir heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 1901-1920.
- Fundargerðir heilbrigðis- og sóttvarnarhaldsnefndar í Reykjavík 1848-1885.
- Fundargerðir skólanefndar Barnaskóla Reykjavíkur 1860-1940.
- Guðmundur Hannesson. Heilsufarsbækur 1910-1916 vegna skólaskoðana í Reykjavík. Handrit.
- Guðmundur Hannesson. Leiðbeiningar um skólaeftirlit í Reykjavík. Læknablaðið 1917; 3: 145-50.
- Gunnlaugur Einarsson skólalæknir. Skýrsla skólalæknis um Barnaskólann í Reykjavík 1924-1927.
- Heilbrigðisskýrslur landlæknisembættisins 1911-1979.
- Heilsufarsspjöld (bækur) fyrir Barnaskóla Reykjavíkur 1911-1917. Hannað af Guðmundi Hannessyni. Handrit.
- Jón Helgason. Reykjavík. Reykjavík 1937.
- Norman Wilson. Municipal Health Services and Great Britain. London 1946.
- Töflur um hæð og þyngd skólabarna í Reykjavík. Fylgirit með heilbrigðisskýrslum 1963. 1964-1965.
- Skúli G. Johnsen. Árangur reykingavarna. Rannsókn meðal skólanemenda. Læknablaðið 1979; 65: 63-4.
- Stjórnskipuð nefnd, 1981, (Bryndís Steinþórsdóttir, Oddur Helgason og Baldur Johnsen) til rannsókna á aðstöðu fyrir mótuneyti í skólum o.fl. Lokaálitsgerð með rannsóknarniðurstöðum og tillögum um skólafæði. Handrit. Sent skólayfirvöldum o.fl. 5/7 1983.